

**Mál nr. 230/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X v/ húftryggingar á vinnuvél.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á vinnuvél.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 4.8.2010.
2. Bréf X, dags. 17.8.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Beltaskurðgrafa af gerðinni Fiat Hitachi í eigu M varð fyrir skemmdum sem er lýst svo í málskoti: “Í vetur hefur vatn komist ofan í hólf umhverfis svífil og í frostum hefur þenslan verið það mikil að gólf þess hefur gengið til og við það hefur svífillinn gengið til og nipplar brotnað og afstaða skekkst og snúningsrótur orðið fyrir skemmdum einnig.”

Grafan var húftryggð samkvæmt vinnuvélatryggingu hjá váttryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr váttryggingunni vegna fyrrgreindra skemmda. X hefur hafnað bótaskyldu einkum á þeim forsendum að tjónið hafi ekki orðið með þeim hætti að það falli undir gildissvið váttryggingarinnar.

**Álit.**

Eins og áður greinir var umrædd grafa húftryggð hjá X og samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingarskírteini gilda um þá váttryggingu nánar tilgreindir skilmálar félagsins. Í 4. gr. skilmálanna er kveðið á um gildissvið váttryggingarinnar og þar segir að váttryggingin bæti beint tjón á hinu váttryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Eins og atvikum er lýst í málskoti, en öðrum gögnum um tildrög skemmdanna er ekki til að dreifa í gögnum málsins, verður ekki betur séð en skemmdirnar hafi orðið á lengri tíma en svo að um skyndilegt atvik hafi verið að ræða. Þegar af þeim ástæðum verður ekki hjá því komist að líta svo á að skemmdirnar falli utan bótaskylds váttryggingarinnar. Af því leiðir að tjónið er ekki bótaskyldt úr váttryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu vinnuvélarinnar hjá X

Reykjavík, 7. september 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.